



KEILIR EHF. RÍKISFRAMLÖG OG ÁRANGUR

ÁGÚST 2010

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR.....	5
VIÐBRÖGD VIÐ ÁBENDINGUM	7
Svör Keilis.....	7
Svör Háskóla Íslands	8
Svör mennta- og menningarmálaráðuneytis	9
1 INNGANGUR	11
2 STARFSEMI KEILIS EHF.	13
2.1 Upphaf og forsendur Keilis.....	13
2.2 Fjárveitingar ríkisins til Keilis og rekstrarstaða hans	15
3 HÁSKÓLABRÚ - FRUMGREINAEILD	19
3.1 Þróun námsins.....	19
3.2 Framlög ríkisins til frumgreinakennslu Keilis.....	21
3.3 Árangur frumgreinakennslu Keilis	24
4 ÖNNUR STARFSEMI KEILIS	29
4.1 Einkaskóli á framhaldsskólastigi	29
4.2 Háskólakennsla.....	30

NIÐURSTÖÐUR

Á árunum 2007–10 veitti íslenska ríkið Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. alls 685,7 m.kr. í beinum og óbeinum framlögum til að byggja upp skóla- og rannsóknarsamfélag á Keflavíkflugvelli og til kennslu á framhaldsskóla- og háskólastigi. Að mati Ríkisendurskoðunar hafa framlög ríkisins til skólans vegna samningsbundinnar kennslu verið svipuð eða síst minni en framlög þess til annarra aðila sem veita sambærilega þjónustu. Stofnunin átelur að Keilir hafi varið hluta þeirra til annarra námsgreina en um var samið. Þá telur hún óvíst hvort skólinn hafi raunverulegan rekstrargrundvöll. Í árslok 2009 nam uppsafnaður halli af rekstri hans 136 m.kr. en heildarskuldir um 463 m.kr.

Um faglegan árangur Keilis er erfitt að fullyrða enda er reynslan af starfsemi hans stutt. Ljóst er að skólinn hefur mætt þörf fullorðins fólks sem lauk ekki framhaldsskólanámi og hleypt lífi í vaxandi samfélag á flugvallarsvæðinu og menntamál Suðurnesja. Hvort tveggja er í samræmi við upphafleg markmið hans. Skólinn þjónar þó einnig öðrum landshlutum í síauknum mæli. Þá er háskólakennslu hans viss hættu búin vegna breyttra laga og reglna sem takmarka m.a. heimild hans til að innheimta skólagjöld. Ríkisendurskoðun beinir eftirfarandi ábendingum til Keilis, Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

ÁBENDINGAR TIL KEILIS

1. KEILI BER AÐ TRYGGJA EIGIÐ REKSTRARÖRYGGI

Til þessa hafa nýsköpun og byggðasjónarmið ráðið miklu um framlög ríkisins til Keilis. Um leið og hugað er að jafnræði skóla í fjárveitingum er mikilvægt að minna á að lögum samkvæmt eru stjórnvöld ekki skuldbundin til að veita einkaskólum framlög af almannafé. Þeim ber sjálfum að tryggja eigið rekstraröryggi. Eðlilegt er að Keilir gæti að þessu þegar hann ákveður umfang starfsemi sinnar og áherslur á komandi árum.

2. TRYGGJA ÞARF AÐ FJÁRVEITINGAR RÍKISINS RENNI TIL UMSAMINNA VERKEFNA

Keilir er að því leyti frábrugðinn flestum skólum að ríkið styður aðeins nokkurn hluta starfsemi hans. Mikilvægt er að slíkar fjárveitingar renni til þeirra verkefna sem um er samið og að félagið haldi sérstaklega utan um þær í bókhaldi sínu. Einnig þarf að greina vel á milli ríkisstyrktrar starfsemi og starfsemi sem er eða gæti verið rekin á samkeppnisgrundvelli og nýtur ekki ríkisstuðnings. Ríkisendurskoðun átelur að Keilir hafi nýtt hluta þess fjár sem ætlað var til frumgreinakennslu til annarra námsgreina.

3. EFLA ÞARF FAGLEGT GÆÐASTARF SKÓLANS

Þar sem starfsár Keilis eru enn næsta fá er erfitt að meta raunverulegan árangur af störfum hans eða hverju fjárveitingar ríkisins hafa skilað. Þótt margt sé augljóslega

vel gert hlýtur Ríkisendurskoðun að leggja ríka áherslu á að skólinn efli enn frekar þá faglegu þætti sem standa til bóta, m.a. kennslu í stærðfræði. Einnig er mikilvægt að Keilir líkt og aðrir framhaldsskólar leitist við að draga úr brottfalli nemenda.

ÁBENDINGAR TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS

1. TAKA ÞARF AFSTÖÐU TIL NÝS SAMSTARFSSAMNINGS UM FRUMGREINANÁM

Eðlilegt er að Háskóli Íslands taki sem fyrst afstöðu til þess hvort hann endurnýjar samstarfssamning sinn við Keili um frumgreinanám sem rann út í árslok 2009.

2. FRUMGREINAKENNSLA KEILIS UPPFYLLI FAGLEGAR GÆÐAKRÖFUR

Þar sem Háskóli Íslands ber faglega ábyrgð á frumgreinakennslu Keilis er mikilvægt að hann sé stöðugt vakandi fyrir hugsanlegum annmörkum á henni, einkum frávikum frá eðlilegum kröfum um inntökuskilyrði nemenda í grunnám, og grípi til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur.

3. HÆPIÐ ER AÐ SKILGREINA HÁSKÓLAKENNSLU KEILIS SEM ENDURMENNTUN INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ríkisendurskoðun telur orka tvímælis að skilgreina háskólanám Keilis í orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník tæknifræði sem endurmenntun innan verkfræðideildar Háskóla Íslands. Slíkt virðist á skjön við nýsamþykkt lög um breytingu á lögum um opinbera háskóla.

ALMENNAR ÁBENDINGAR TIL MENNTA- OG MENNINGARMÁLA-RÁÐUNEYTIS

1. SETJA BER SKÝRA STEFNU UM FJÁRVEITINGAR TIL SKÓLASTARFS

Á tímum endurskipulagningar og aðhalds í ríkisfjármálum er mikilvægt að nýta vel takmarkaða fjármuni sem veitt er til skólastarfs. Þar hljóta yfirvöld menntamála að ráða ferðinni og móta tillögur um það hvernig fjárveitingum skuli varið. Eðlilegt er að þær taki mið af faglegri greiningu á þörf samfélagsins fyrir mismunandi menntun. Ekki verður fallist á að ríkisstyrktir einkaskólar geti vaxið óhindrað og án samráðs við menntayfirvöld. Einnig þarf að huga vel að því hvort réttara sé að efla nýja skóla eða stuðla að sameiningu þeirra og eldri skóla. Ríkisendurskoðun telur að mennta- og menningarmálaráðuneyti beri að taka afstöðu til slíkra mála þegar tekin er ákvörðun um áframhaldandi ríkisstuðning við Keili ehf.

2. EFLA ÞARF EFTIRLIT OG AÐHALD MEÐ EINKASKÓLUM

Ríkisendurskoðun telur að mennta- og menningarmálaráðuneyti beri að efla bæði fjárhagslegt og faglegt eftirlit sitt með þeim einkaskólum sem það semur við um tiltekna þjónustu. Þetta gildir jafnt um Keili sem aðra skóla. Mikilvægt er að rekstur þeirra sé jafnan tryggur jafnframt því sem hagsmunir nemenda séu hafðir í heiðri.

3. MÓTA ÞARF SAMRÆMDAR REGLUR UM FRUMGREINAKENNSLU

Ríkisendurskoðun telur að mennta- og menningarmálaráðuneyti beri að gera sérstaka úttekt á frumgreinakennslu í landinu og móta um hana samræmdar reglur til að tryggja gæði námsins og hagsmuni nemenda. Óeðlilegt er að einstakir háskólar og samstarfsaðilar þeirra stjórni ferðinni í þeim efnum.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM

SVÖR KEILIS

1. KEILI BER AÐ TRYGGJA EIGIÐ REKSTRARÖRYGGI

„Keilir hefur nú starfað í þrjú ár. Sá tími hefur einkennst af uppbyggingarfasa og því e.t.v. ekki óeðlilegt að sá rekstur hafi verið erfiður. Fyrir árið 2010 settu stjórnendur Keilis sér þau markmið að skila rekstrinum með rekstrarafgangi. Samkvæmt sjö mánaða uppgjöri virðist það markmið ætla að nást. Sá viðsnúningur byggir vitaskuld á því að hagræðis í rekstri hefur verið gætt í hvívetna, ekki ráðið í stað fólks sem lætur af störfum, námshópar stækkaðir – m.ö.o. reynt að auka tekjur og draga úr útgjöldum án þess að komi niður á gæðum. Þetta virðist ætla að takast fyrir yfirstandandi ár. Af sömu ástæðum hefur ekki verið lagt af stað með nýjar námsbrautir þó þær séu í raun tilbúnar til kennslu. Til viðbótar má geta þess að Keilir er með í undirbúningi samstarf við fyrirtæki um starfsemi sem mun auka tekjustreymi til fyrirtækisins og þar með rekstraröryggi. Meginþemað er að sjá til lands fjárhagslega í þeim verkefnum sem lagt er upp með enda ekki tilefni til annars eða vilji.

Starfsfólk Keilis gerir sér fulla grein fyrir ákvæðum laga gagnvart einkaskólum. Við gerum hins vegar ráð fyrir því að Keilir geti sótt um fjárveitingar til ríkisvaldsins, líkt og aðrir skólar.“

2. TRYGGJA ÞARF AÐ FJÁRVEITINGAR RÍKISINS RENNI TIL UMSAMINNA VERKEFNA

„Starfsfólk Keilis hefur reynt eftir megni að verja fjármunum hins opinbera eins og til er ætlast og í ágætu samstarfi við m.a. ráðuneyti menntamála. Teljum reyndar fyrirsögn þessarar ábendingar geta gefið tilefni til rangrar ályktunar um það hvernig við höfum nýtt fé.“

3. EFLA ÞARF FAGLEGT GÆÐASTARF SKÓLANS

„Undir þetta almenna viðhorf tekur starfsfólk Keilis heilshugar enda hefur verið unnið samkvæmt því frá fyrsta degi. Strax var fenginn utanaðkomandi ráðgjafi til að aðstoða Keili við uppbyggingu starfsins, innra og ytra mat fer reglulega fram, álitsgjafar úr röðum nemenda og kennara reglulega nýttir, fylgt eftir hvað verður um brautskráða nemendur og þannig má áfram telja. Gæðamat á starfinu er og hefur frá upphafi verið einn áherslupunkta okkar.“

SVÖR HÁSKÓLA ÍSLANDS

1. TAKA ÞARF AFSTÖÐU TIL NÝS SAMSTARFSAMNINGS UM FRUMGREINANÁM

„Háskóli Íslands hefur beðið með að framlengja samstarfssamninginn þar til að fyrir lá að fjárveiting fengist til að standa straum af kostnaði við starfsemi Háskólabrúar á þessu ári. Háskólinn hefur þegar ákveðið að framlengja samninginn til ársloka 2010 en á eftir að tilkynna þá ákvörðun með bréfi til Keilis. Ekki liggur enn fyrir hvort samningur Keilis við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fjármögnun námsins verður framlengdur en hann gildir til ársloka 2010. Ekki hefur verið tekin ákvörðun af hálfu háskólans um frekari framlengingu samstarfssamningsins, þ.m.t. um framtíðarfyrirkomulag Háskólabrúar.“

2. FRUMGREINAKENNSLA KEILIS UPPFYLLI FAGLEGAR GÆÐAKRÖFUR

„Háskólabrú Keilis byggir á heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla, þar sem segir að háskóla sé heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að bjóða upp á aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla. Háskóli Íslands ber því faglega ábyrgð á náminu. Háskólinn hefur frá upphafi haft eftirlit með uppbyggingu náms í Háskólabrú Keilis. Með samstarfssamningi háskólans og Keilis frá nóvember 2009 var rammi námsins skilgreindur, þ.m.t. um skráningu og inntökuskilyrði, fyrirkomulag náms, hæfniskröfur kennara, útskrift og fjármögnun. Jafnframt var sett á fót fagråd sem var ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd námsins og gæðum þess. Í framkvæmd hefur eftirlitið verið í megindráttum tvenns konar. Annars vegar hafa einstakar deildir háskólans komið athugasemdum á framfæri við uppbyggingu námsleiða hjá Keili í samráði við fulltrúa háskólans í fagráði. Í upphafi gætti töluverðrar óánægju hjá einstökum deildum háskólans með uppbyggingu náms í Háskólabrú Keilis. Var þeim athugasemdum komið á framfæri við stjórnendur Háskólabrúarinnar og hefur verið brugðist við mörgum af þeim athugasemdum. Hins vegar hefur fagråd Háskólabrúarinnar lagt ríka áherslu á að fylgst sé með námsframvindu nema af Háskólabrú og hefur gagna þegar verið aflað og þau kynnt forsvarsmönnum Háskólabrúar. Vísað er til þessara gagna í skýrslu ríkisendurskoðanda. Umtalsverður hluti þeirra háskólanema sem komið hafa frá Háskólabrú Keilis og lagt stund á nám við Háskóla Íslands hafa lýst ánægju með undirbúning sinn fyrir háskólanám. Þótt reynslan af starfsemi Háskólabrúarinnar sé ekki löng og enn sé ekki komin heildarmynd af árangri nemendanna í Háskóla Íslands, er þó þegar ljóst að efla þarf undirbúning nema Háskólabrúar í stærðfræði og tengdum greinum. Á næstu misserum mun háskólinn efla eftirlit með námsframvindu og brottfalli háskólanema og greina eftir framhaldsskólum, þ.m.t. nemenda Háskólabrúar. Þá mun gefast betra tækifæri til að meta stöðu Háskólabrúar Keilis.“

3. HÆPIÐ ER AÐ SKILGREINA HÁSKÓLAKENNSLU KEILIS SEM ENDURMENNTUN INNAN HÁSKÓLA ÍSLANDS

„Í samningi á milli Háskóla Íslands og Keilis um háskólanám er gert ráð fyrir því (1. gr.) að háskólanám sem fram fer á vettvangi Keilis sé skipulagt sem endurmenntun á vegum deilda. Með breytingu á lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. lög nr. 50/2010, var skilgreiningu á hugtakinu endurmenntun breytt og heimildir háskólans til að bjóða upp á nám undir formerkjum endurmenntunar þar með

þrengdar. Tekið er undir að lagabreyting þessi kallar á uppsögn samningsins við Keili og verða viðræður teknar upp milli samningsaðila á næstu vikum. Þar sem námið er á grunnstigi en ekki framhaldsstigi er eftir lagabreytinguna ekki heimilt að skilgreina námið í orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník tæknifræði sem endurmenntun innan deilda Háskóla Íslands og ekki er heimilt að taka fyrir það skólagjöld. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort það verður talið þjóna hagsmunum háskólans að bjóða upp á framangreint nám á grunnstigi sem hluta af hefðbundnu námsframboði einstakra deilda.

Í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um opinbera háskóla 1. júní sl. mun Háskóli Íslands á næstu vikum segja upp framangreindum samningi við Keili þar sem lög heimila ekki lengur þetta fyrirkomulag. Hver sem niðurstaðan af viðræðum samningsaðila um framhald samstarfsins verður mun þess verða gætt að nemendur sem eru í námi á grundvelli samningsins fái lokið námi sínu.

Með vísan til þess sem hér að framan er rakið liggur fyrir að endurskoða verður fyrirkomulag samstarfs Háskóla Íslands og Keilis, bæði hvað varðar Háskólabrú og háskólanám í orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník tæknifræði. Munu viðræður þess efnis verða teknar upp milli aðila á næstu vikum.“

SVÖR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

1. SETJA BER SKÝRA STEFNU UM FJÁRVEITINGAR TIL SKÓLASTARFS

„Ráðuneytið tekur undir með Ríkisendurskoðun að á tímum endurskipulagningar og aðhalds í ríkisfjármálum er mikilvægt að nýta vel takmarkaða fjármuni sem veitt er til skólastarfs og að þar hljóti yfirvöld menntamála að ráða ferðinni og setja ramma um fjárveitingar. Eins og fram kemur hjá Ríkisendurskoðun er staða Keilis í hinu íslenska skólakerfi um margt óvenjuleg. Meðal annars hafa fjárframlög til Keilis verið ákveðin með öðrum hætti en tíðkast um framhaldsskóla eins og rakið er í skýrslunni. Á fjárlögum ársins 2010 ákvað Alþingi að veita 108 m.kr. til reksturs Keilis og gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við Keili um ráðstöfun þess fjár.

Stefna ráðuneytisins hefur verið sú að leitast við að tryggja fjölbreytt námsframboð á framhaldsskólastigi þar sem hagsmuna allra er gætt bæði að því er varðar gæði og skilvirkni. Á sama tíma og samdráttur er í ríkisbúskapnum hefur eftirspurn eftir námi á framhaldsskólastigi aukist og við hafa bæst sérstök menntaúrræði fyrir fólk í atvinnuleit. Ljóst er þetta mun kalla á frekari hagræðingu í útgjöldum.“

2. EFLA ÞARF EFTIRLIT OG AÐHALD MEÐ EINKASKÓLUM

„Ráðuneytið er sammála að efla beri fjárhagslegt og faglegt eftirlit með einkaskólum sem það semur við og að hverju það eftirlit þurfi að beinast. Á sama tíma og ráðuneytið vill gjarnan standa betur að eftirlitinu og verja til þess meira fé, tekur það þátt í því að lækka ríkisútgjöld til að ná markmiðum í ríkisfjármálum og er því þröngur stakkur sniðinn að þessu leyti.“

3. MÓTA ÞARF SAMRÆMDAR REGLUR UM FRUMGREINAKENNSLU

„Í ljósi þess hversu umfangsmikið aðfararnám, sem fjallað er um í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla, er orðið má fallast á það með Ríkisendurskoðun að tímabært sé orðið að gera á því sérstaka úttekt og ef til vill að setja um þetta nám samræmdar reglur.“

1 INNGANGUR

Um miðjan apríl 2010 óskaði mennta- og menningarmálaráðuneyti eftir því að Ríkisendurskoðun gerði sérstaka úttekt á Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. Einkum var óskað eftir því að horft yrði til þess hvernig félagið hefði varið ríkisframlögum sem það hefur fengið undanfarin þrjú ár til skólastarfs samkvæmt sérstökum samningum þar um. Ríkisendurskoðun ákvað að verða við beiðninni, þótt hún varði einkahlutafélag í atvinnurekstri, enda fellur hún undir lögbundin verkefni stofnunarinnar, m.a. þau sem kveðið er á um í 6. gr. laga um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997, þ.e. að „annast endurskoðun reikninga vegna samninga um rekstrarverkefni sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir“. Við þetta má bæta að stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins eiga um þriðjungshlut í Keili.

SKOÐUNARHEIMILDIR
RÍKISENDURSKOÐUNAR

Um heimild Ríkisendurskoðunar til úttekta af þessu tagi og aðgang að gögnum skal að öðru leyti vísað í 7. og 9. gr. laga um stofnunina. Í samræmi við þá heimild sem þar er kveðið á um fólst úttektin einkum í því að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hafa fjárveitingar ríkisins til Keilis runnið til þeirra verkefna sem um var samið (einkum frumgreina- og háskólakennslu)?
2. Eru fjárveitingar ríkisins til Keilis í samræmi við fjárveitingar til annarra aðila sem sinna sambærilegri þjónustu?
3. Hafa fjárveitingar ríkisins til Keilis skilað þeim árangri sem að var stefnt með stofnun skólans?

Í úttektinni var athyglinni sérstaklega beint að frumgreinadeild Keilis (Háskólabrú), enda hafa fjárveitingar ríkisins til skólans einkum runnið til þeirrar starfsemi. Við vinnslu úttektarinnar aflaði Ríkisendurskoðun ýmiss konar gagna og upplýsinga, m.a. frá Keili, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Háskóla Íslands, Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. (Kadeco) og Lánasjóði íslenskra námsmanna. Jafnframt var óskað eftir umsögn Keilis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Háskóla Íslands við drög að þessari skýrslu og viðbrögðum við ábendingunum sem þar voru settar fram. Öllum þessum aðilum er þakkað gott samstarf.

EINKUM ER HUGAÐ AÐ
FRUMGREINADEILD
KEILIS

2 STARFSEMI KEILIS EHF.

2.1 UPPHAF OG FORSENDUR KEILIS

Keilir ehf. hefur um margt óvenjulega stöðu í íslensku skólakerfi sem sambland einkarekins framhaldsskóla, háskólaseturs, símenntunarstofnunar og nýsköpunarmiðstöðvar. Félagið var um mitt ár 2010 samsett úr fjórum mismunandi einingum: Háskólabrú (frumgreinadeild) sem undirbýr nemendur sem ekki hafa lokið framhaldsskóla fyrir háskólanám, Heilsu- og uppeldisskóla, Orku- og tækniskóla og Flugakademíu. Í byrjun árs 2010 voru skráðir nemendur 602. Um helmingur þeirra stundaði nám á Háskólabrú, ýmist í staðarnámi eða fjarnámi. Fastir starfsmenn Keilis eru 23 en alls koma um 100 manns að vinnu hjá fyrirtækinu, ýmist sem verktakar eða í hlutastörfum.

602 NEMENDUR Í
BYRJUN ÁRS 2010

Til Keilis var stofnað 4. maí 2007 að frumkvæði Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. sem er í fullri eigu íslenska ríkisins. Því félagi er annars vegar ætlað að sinna umsýslu þeirra fasteigna á Keflavíkurflugvelli sem voru í eigu bandaríska hersins en koma skal í arðbær borgaraleg not og hins vegar að leiða framtíðarþróun og umbreytingu flugvallarsvæðisins. Þróunarfélagið markaði fljótt þá stefnu að koma á fót öflugum háskóla- og þekkingarsamfélagi á svæðinu – sem nú kallast Ásbrú – og nýta til þess nálægðina við alþjóðaflugvöll og jarðhitavirkjanir Suðurnesja. Keilir gegnir lykilhlutverki í þessari viðleitni til að tengja saman menntun og atvinnuþróun.

MENNTUN OG
ATVINNUÞRÓUN TENGD
SAMAN

Á stofnfundi Keilis var gerð grein fyrir markmiði félagsins að byggja upp rannsóknar- og háskólasamfélag, þar á meðal háskólagarða, í gömlu herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Á þann hátt mætti nýta húsnæðið þar án þess að það hefði neikvæð áhrif á almennan húsnæðismarkað á svæðinu og mæta jafnframt kröfum sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum um að efla atvinnulíf og gera það fjölbreyttara en verið hefði. Í þessu samhengi má geta þess að við brotthvarf hersins misstu um 900 manns vinnu. Að auki yrði með þessum hætti komið til móts við áhyggjur bæði sveitarstjórnarmanna og skólayfirvalda af lágu menntunarstigi á svæðinu samanborið við aðra landshluta vegna lítillar aðsóknar unglunga að framhaldsskólum undanfarna áratugi og mikils brottfalls þeirra úr námi. Þess má geta að árið 2007 sóttu um 88% 16 ára unglunga á Suðurnesjum framhaldsskóla miðað við 93% unglunga á landinu öllu og 51% 19 ára unglunga miðað við 68% á landinu öllu.

Starfsemi Keilis hófst strax haustið 2007 og er ljóst er að hann naut frá upphafi velvildar ríkisstjórnar og Alþingis, enda var hann stofnaður undir verndarvæng ríkisins. Í ræðu sinni á stofndegri félagsins lýsti þáverandi menntamálaráðherra vilja ríkisstjórnarinnar til að tryggja félaginu framgang og viljrði menntamálaráðuneytis fyrir viður-

NAUT VELVILDAR
ALÞINGIS OG
RÍKISSTJÓRNAR

kenningu á skólastarfseminni. Hinn 8. maí 2008 staðfesti ráðherra svo bréflaga slíka viðurkenningu Keilis sem einkaskóla á framhaldsskólastigi og gildir hún til þriggja ára. Jafnframt heimilaði hann skólanum að starfrækja nánar tilgreint nám á framhaldsskólastigi í samræmi við umsókn hans. Þessari viðurkenningu fylgdi þó ekki neins konar loforð um fjárveitingu og raunar áréttaði ráðherra í bréfi sínu ákvæði laga og reglugerða um „að einkaskólar eiga ekki kröfu á framlögum eða styrkjum af almannafé“.

Þegar greint er frá tilurð Keilis skiptir miklu máli að við hlið nokkurra orku- og fjármála-fyrirtækja, stéttarféлага, sveitarféлага og almennasamtaka gerðist Háskóli Íslands strax í upphafi stærsti einstaki hluthafi félagsins með 29,1% eignarhluta. Háskólinn fékk hluta af söluandvirði hlutabréfa ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja til að standa straum af stofnfjárkaupunum (100 m.kr.). Þá eru Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. og Flugstoðir ohf. (nú Isavia ohf.), sem bæði eru í fullri eigu ríkisins, meðal hluthafa Keilis. Samtals eiga stofnanir og félög ríkisins því um þriðjungshlut í félaginu.

MARKMIÐ SAMSTARFS-SAMNINGS HÁSKÓLA ÍSLANDS OG KEILIS

Sama dag og stofnsamningur var undirritaður (4. maí 2007) gerðu Háskóli Íslands og Keilir með sér formlegan samstarfssamning um uppbyggingu náms og rannsókna á vegum félagsins með eftirtalin markmið í huga:

1. Að þróa sameiginlega alþjóðlegt háskólanám og byggja upp háskólasamfélag á Keflavíkurflugvelli og laða með því að erlenda nemendur og kennara.
2. Að standa sameiginlega að háskólarannsóknum og kennslu í samstarfi við Rannsókn- og fræðasetur HÍ á landsbyggðinni, sérstaklega á sviðum orkuvísinda og umhverfismála, jarðvísinda, sjálfbærrar þróunar, verkfræði, ferðamála, lífríki hafsins, norðurslóðarannsókna, samgöngumála, alþjóða- og öryggismála.
3. Að nám félagsins á háskólastigi verði vottað af HÍ í samræmi við kröfur sem þar gilda.
4. Að þróa starfstengt nám á háskólastigi í samræmi við tillögur starfsnámsnefndar Menntamálaráðuneytisins frá síðasta sumri.
5. Að þróa nám í frumgreinadeild í samræmi við kröfur deilda Háskóla Íslands um inntöku nýnema.“

KEILIR STARFAR EINNIG UTAN SUÐURNESJA

Samkvæmt þessum og öðrum samningum fer hluti af skólastarfi Keilis (Háskólabró og Orku- og tækniskóli) fram í náinni samvinnu við Háskóla Íslands. Auk þess hefur Keilir efnt til víðtæks samstarfs við símenntunarstöðvar í öðrum landshlutum, einkum um frumgreinakennslu og um svonefndar menntastoðir, þ.e. undirbúningskennslu þeirra nemenda sem hafa ekki forsendur til að sækja um á Háskólabró en stefna að því að uppfylla kröfurnar sem þar eru gerðar. Vegna þessa samstarfs og annarrar starfsemi Keilis utan Suðurnesja hefur hann nú opnað starfsstöð á Akureyri og þaðan útskrifuðust í byrjun júní 2010 fyrstu nemendur hans utan Ásbrúar, 21 ÍAK-einkaþjálfari.

NÝJAR NÁMSBRAUTIR ÁN SAMRÁÐS VIÐ RÁÐUNEYTIÐ

Keilir hefur allt frá upphafi haft mjög frjálsar hendur um starfsemi sína og bryddað sjálfur upp á námsbrautum, námskeiðum og kennsluaðferðum, stundum án samráðs við ráðuneyti mennta- og menningarmála, og með óhefðbundin sjónarmið að leiðarljósi. „Það var strax tekin um það ákvörðun að Keilir ætti ekki að vera eins og hinir skólarnir, heldur ætluðum við inn á þau svið sem hafa verið vanrækt í skólakerfinu“, sagði Hjálmar Árnason framkvæmdastjóri Keilis í viðtali við *Víkurfrettir* 27. apríl 2010.

Meðal slíkra sviða eru tengsl skóla og atvinnulífs, viðleitni til að brúa bilið milli framhaldsskóla og háskóla og þjónusta við fullorðið fólk sem aldrei lauk framhaldsskólunámi en vill bæta úr því á öðrum vettvangi en hefðbundnir framhaldsskólar bjóða upp á og „með hreint borð“. Keilir höfðar því til annars aldurs hóps en næsti nágranni hans, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, og keppir ekki við hann um nemendur. Þrátt fyrir ýmiss konar samstarf þessara aðila er nemendaflæði milli skólanna því lítið.

Eins og komið hefur fram hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti viðurkennt nokkurn hluta námsgreina Keilis, aðrar eru kenndar í skjóli Háskóla Íslands og enn aðrar starfrækir skólinn á eigin forsendum án þess að ráðuneytið eða Háskóli Íslands komi nærri. Þar á meðal er flugkennsla. Ekki hafa allar námsbrautir eða greinar skólans fest sig samstundis í sessi. Má þar m.a. nefna námsbrautir í áltækni og fyrir skólaliða sem menntamálaráðuneyti viðurkenndi vorið 2008. Skólinn hefur einnig haft uppi áform um starfrækslu „öryggisakademíu“ fyrir öryggisverði, sjúkraflutningamenn og jafnvel löggæslumenn en lagt þær hugmyndir til hliðar um sinn.

Ljóst er að sumt í hugmyndafræði Keilis fellur ekki að öllu leyti inn í íslenskt skólakerfi. Þar má m.a. nefna áform um að veita svonefnda *Associate*-gráðu að loknu 1–2 ára hagnýtu námi á háskólastigi með tilvísun til 20. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla sem fjallar um viðbótarnám við framhaldsskóla. Yfirvöld menntamála hafa vissar áhyggjur af þessu og segjast starfsmenn ráðuneytisins hafa lýst þeirri lagatúlkun sinni á a.m.k. tveimur fundum með forsvarsmönnum Keilis að skólinn geti ekki farið af stað með nám á háskólastigi á grundvelli áðurnefndrar lagagreinar. Framkvæmdastjóri Keilis hafi hins vegar lýst sig ósammála þessari túlkun og talið að framhaldsskólar geti starfrækt á eigin forsendum stutt nám á háskólastigi. Í undirbúningi er umburðarbréf ráðuneytisins til allra framhaldsskóla á landinu vegna þessa.

2.2 FJÁRVEITINGAR RÍKISINS TIL KEILIS OG REKSTRARSTAÐA HANS

Eins og vikið hefur verið að hafa íslenska ríkið og félög og stofnanir í eigu þess lagt nokkurt fé til Keilis allt frá upphafi. Auk um þriðjungs stofnfjárluta Háskóla Íslands, Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar og Flugstoða í félaginu, alls 110,1 m.kr., veitti Alþingi félaginu samtals 343,6 m.kr. í fjárlögum 2007–10. Það fé skyldi einkum renna til frumgreinakennslu skólans. Árið 2010 veitti Alþingi einnig 32 m.kr. til Orku- og tækniskóla Keilis. Fyrstu tvö árin voru fjárveitingar til frumgreinakennslunnar hluti af tíma- bundnum mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskvóta en fjárveitingarnar í fjárlögum ársins 2010 voru samkvæmt umsókn Keilis til Alþingis. Ekkert liggur fyrir um áframhaldandi stuðning á komandi árum.

Auk áðurnefndra framlaga ákvað Þróunarfélagið árið 2009 að veita rannsóknarsetri í orkufræðum, sem Keilir nýtir sem kennsluáðstöðu í orkufræðum, alls 150 m.kr. framlag vegna stofnkostnaðar og tækjakaupa. Í lok maí 2010 hafði félagið afgang 99 m.kr. af þessu framlagi. Einnig styrkti Þróunarfélagið Keili um 50 m.kr. vegna húsnæðismála á árunum 2009–10. Samtals má því meta bein og óbein framlög ríkisins til uppbyggingar og reksturs Keilis á um 685,7 m.kr.

SAMTALS 686 M.KR.
RÍKISFRAMLÖG

KAUP Á FASTEIGNUM
FYRIR 320 M.KR.

2.1 Heildarframlög ríkisins til Keilis á árunum 2007–10 í m.kr.					
	2007	2008	2009	2010	ALLS
STOFNFRAMLÖG					
STOFNFÉ RÍKISSTOFNANA	110,1				110,1
ÞRÓUNARFÉL.: STYRKUR TIL ORKUSKÓLA					150,0
ÞRÓUNARFÉL.: HÚSNÆÐISSTYRKUR				50,0	50,0
FRAMLÖG V. ÞJÓNUSTU					
TIL FRUMGREINANÁMS		123,6	112,0	108,0*	343,6
TIL ORKU- OG TÆKNISKÓLA				32,0	32,0
SAMTALS	110,1	123,6	112,0	190,0	685,7

*HLUTI FJÁRINS RENNUR TIL KENNSLU Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI OG VINNUMARKADSÚRRÆÐA SEM LÚTA AÐ MENNTUN.

Til viðbótar við þessi framlög hafa fjárhagsleg samskipti Keilis og íslenska ríkisins verið Keili hagfelld um margt. Í því samhengi má m.a. líta til hagstæðra fasteignakaupa árið 2007. Þá keypti félagið af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar tvær byggingar á hersvæðinu fyrrverandi sem áður höfðu hýst menntaskóla og leikskóla. Heildarvirði samningsins var 320,4 m.kr., þ.e. 227,9 m.kr. vegna menntaskólans og 92,5 m.kr. vegna leikskólans, og var það um 30% af verðmati. Keilir var raunar einn um boð í eignirnar. Með kaupunum var áætlað að hann tryggði sér framtíðarkennsluhúsnæði og lóð til þróunar og vaxtar næstu áratugi. Engu að síður seldi Keilir Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. báðar fasteignirnar ári síðar með 191 m.kr. hagnaði án þess að hafa lagt mikinn kostnað í þær. Á þessum tíma áformaði skólinn enda að reisa nýtt skólahús. Keilir leysti menntaskólabygginguna svo að nýju til sín í lok árs 2009 og hyggst nú koma þar fyrir nær allri starfsemi sinni. Þá má geta þess að Keilir fékk árin 2007–08 um 13,1 m.kr. umsýsluþóknun frá Þróunarfélaginu vegna milligöngu um útleigu á námsmannabúðum á Ásbrú. Þar búa nú um 1.800 manns í um 700 íbúðum. Sumir stunda nám í Keili en aðrir eru í skólum á höfuðborgarsvæðinu.

136 M.KR. HALLA-
REKSTUR 2007–09

Þrátt fyrir beinan og óbeinan fjárstuðning ríkisins hefur rekstur Keilis staðið í járnnum. Um 36,2 m.kr. halli var á rekstri hans árið 2007 en 172,9 m.kr. hagnaður árið 2008 sem einkum kom til af áðurnefndum 191 m.kr. hagnaði af fasteignasölu. Sú sala gekk sem fyrr sagði að stærstum hluta til baka árið 2009 og átti drýgstan þátt í því að það ár varð 272,7 m.kr. halli á rekstrinum. Alls nam hallarekstur félagsins því 136 m.kr. árin 2007–09 (sbr. töflu 2.2). Við þetta bætist 18,7 m.kr. halli af rekstri Keilir Air Operations Center ehf. á árinu 2009 en það félag er að 81,95% hluta í eigu Keilis.

2.2 Rekstrarreikningur Keilis árin 2007–09 í m.kr.				
	2007	2008	2009	SAMTALS
REKSTRARTEKJUR	40,6	394,1	442,7	877,5
REKSTRARGJÖLD	-84,4	-446,6	-519,2	-1.050,2
AFSKRIFTIR – SÖLUHAGN. / TAP	-5,0	173,7	-212,6	-43,9
FJÁRMUNATEKJUR OG GJÖLD	12,6	75,9	-7,9	80,6
TEKJUSKATTUR	0	-24,1	24,1	0
HAGNAÐUR / TAP	-36,2	172,9	-272,7	-136,0

BYGGT Á ÁRSREIKNINGUM KEILIS 2007–09

Vissulega hlýtur ýmiss konar stofnkostnaður vegna húsnæðis og tækja að veða þungt í rekstri nýs félags og er eðlilegt að það móti fyrstu rekstrarárin. Framhjá hinu verður þó ekki litið að reglubundnar tekjur Keilis af kennslu, rannsóknum og húsnæði hafa engan veginn staðið undir reglubundnum kostnaði vegna launa og almenns rekstrar. Árið 2009 vantaði 76,4 m.kr. upp á að endar næðu saman, árið 2008 munaði 52,5 m.kr. og árið 2007 43,8 m.kr. Það er grundvallaratriði að algjör viðsnúningur verði á þessu eigi félagið að geta greitt afborganir af um 463 m.kr. heildarskuldum sínum á komandi árum. Um helmingur þeirra er við Þróunarfélagið sem eins og áður sagði er í eigu ríkisins. Einar sér nema afborganir af langtímaskuldum 317,2 m.kr. fram til ársins 2014. Í raun þyrfti reksturinn að skila að jafnaði um 64 m.kr. árlegum hagnaði næstu fimm ár til þess að unnt verði að standa við þessar skuldbindingar án nýrra lána.

Framkvæmdastjóri Keilis telur að reksturinn sé tryggður fái hann jafnháar greiðslur á hvern nemanda og aðrir framhaldsskólar og háskólar. Einnig hefur framkvæmdastjórinn bent á að skólinn hafi undanfarið ár lagt ríka áherslu á að hagræða og spara í rekstri. Sérstaklega hafi verið reynt að draga úr útgjöldum með því að minnka stjórnunar- og leigukostnað. Þá sé gert ráð fyrir auknum tekjum af húsnæði og námskeiðum. Vegna alls þessa sé gert ráð fyrir um 10 m.kr. hagnaði árið 2010.

Ljóst er að komandi mánuðir munu ráða miklu um áframhaldandi rekstur Keilis. Í því sambandi skal á það minnt að lögum samkvæmt eru stjórnvöld ekki skuldbundin til að veita einkaskólum á borð við hann framlög eða styrki af almannafé nema samið hafi verið sérstaklega við þá um tiltekna þjónustu. Þeim ber sjálfum að tryggja eigið rekstraröryggi og standa skil á fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

3 HÁSKÓLABRÚ - FRUMGREINAEILD

3.1 PRÓUN NÁMSINS

Keilir hóf strax haustið 2007 að bjóða upp á frumgreinanám á eigin vegum, undir nafninu Háskólabrú. Háskóli Íslands ber þó faglega ábyrgð á náminu sem styðst lagalega við heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Þar segir að háskólum sé heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að bjóða upp á aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla (þ.e. stúdentspróf). Á móti skuldbindur Keilir sig m.a. til að fylgja gæðakröfum og reglum Háskólans um kennslu, kennslutíma, skráningu nemenda, námsframvindu og framkvæmd prófa. Um þetta nám gerðu þessir aðilar ítarlegan samstarfssamning í lok árs 2008 með gildistíma til 31. desember 2009. Sá samningur hafði enn ekki verið endurnýjaður í lok júní 2010. Áfram er þó unnið samkvæmt honum. Almennt mun frumgreinanám frá Keili metið nægjanlegt til inngöngu í innlenda háskóla, að undangengnu einstaklingsbundnu mati. Dæmi munu einnig um að nemendur frá Keili hafi fengið inngöngu í erlenda háskóla.

Frumgreinanám hefur um langt skeið verið í boði við íslenska skóla, fyrst innan Tækniskólans, síðar Tækniháskóla Íslands, og þá einkum fyrir nemendur sem höfðu lokið iðn- eða starfsnámi og stefndu að námi á háskólastigi. Eftir að Tækniháskólinn og Háskólinn í Reykjavík sameinuðust árið 2004 hefur slík kennsla farið fram undir merkjum Háskólans í Reykjavík. Frá 2008–10 átti Háskólinn í Reykjavík einnig í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði um frumgreinakennslu. Viðskiptaháskólinn og síðar Háskólinn á Bifröst hefur sömuleiðis haldið úti slíkri kennslu sem arfleifð frá tímum Samvinnuskólans, síðar Samvinnuháskólans á Bifröst. Alls stunduðu 370 nemendur frumgreinanám við Háskólann í Reykjavík skólaárið 2009–10 og 86 við Háskólann á Bifröst. Í báðum skólum hefur slíkum nemendum fjölgað talsvert frá 2005, þó með nokkrum sveiflum. Ríkið hefur jafnan greitt fyrir kennsluna samkvæmt sérstöku reiknilíkani. Ekki hafa hins vegar verið settar samræmdar reglur um frumgreinanám íslenskra skóla þótt alls séu nemendur nú vel á áttunda hundrað.

Í frumgreinanámi Keilis felst heilsársnám (58–78 námseiningar) og er við skipulag kennslu bæði tekið mið af aðalnámsskrá framhaldsskóla og þeim kröfum sem einstakar deildir Háskóla Íslands gera um lágmarksfjölda eininga til að hljóta inntöku. Þá hefur skólinn leitast við að miða einingar við einingar framhaldsskóla. Lokapróf er því talið sambærilegt stúdentsprófi þótt það veiti ekki þá námsgráðu. Með frumgreinakennslu sinni höfðar Keilir einkum til eldri nemenda og minnir að því leyti á öldungadeildir framhaldsskóla. Miðast kennsluformið við það. Samkvæmt heimasíðu Keilis skulu umsækjendur um nám á Háskólabrú hafa náð 25 ára aldri og eiga að baki 2,5–3 ára nám á

SAMSTARFSSAMNINGUR
VIÐ HÍ HEFUR EKKI
VERIÐ ENDURNÝJAÐUR

NÁMIÐ TALID
SAMBÆRILEGT
STÚDENTSPRÓFI

framhaldsskólastigi (70–90 námseiningum af 140 til stúdentsprófs). Þar af skulu þeir hafa lokið að minnsta kosti 6 einingum í stærðfræði, íslensku og ensku. Jafnframt kemur fram að nemendur geti fengið starfsreynslu sína að hluta til metna til eininga. Meðalaldur nemenda Háskólabrúar vorið 2010 var 31 ár.

Auk frumgreinakennslu á Ásbrú hefur Keilir í síauknum mæli haslað sér völl annars staðar á landinu sem fjarnámsskóli. Frá hausti 2010 verður einnig boðið upp á staðarnám Háskólabrúar á Akureyri í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Þá hefur Keilir í samvinnu við nokkrar símenntunarmiðstöðvar (Mími, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum) sett upp svonefndar menntastoðir fyrir nemendur sem ekki uppfylla inntökukröfur Háskólabrúar. Að loknu einnar annar námi þar eiga nemendur kost á að sækja um nám á Háskólabrú. Menntastoðir eru alfarið reknar á skólagjöldum (104 þús.kr. fyrir námið / önnina).

Samkvæmt upplýsingum frá Keili hefur skráðum nemendum við frumgreinadeild skólans fjölgað úr 108 á fyrstu skólaönn, haustið 2007, í 288 á vorönn 2010. Almennt eru nemendur í staðarnámi í fullu námi en fyrstu árgangar fjarnámsnemenda hafa verið á 70% hraða, þ.e. hafa hingað til lokið námi á einu og hálfu ári. Sá hópur sem hóf nám í janúar 2010 mun á hinn bóginn ljúka því á einu ári.

Eins og tafla 3.1 sýnir hefur frumgreinanemendum fjölgað langmest í fjarnámi, úr 32 á vorönn 2008 í 183 á vorönn 2010, og eru þeir nú um 63,5% allra skráðra nemenda. Í staðarnámi hefur þróunin verið ójafnari. Athygli vekur að hlutfall nemenda frá Suðurnesjum hefur einungis verið milli 30–56% skráðra nemenda í staðarnámi á tímabilinu og er væntanlega mun minna þegar litið er til fjarnáms. Þetta sýnir að skólinn þjónar ekki aðeins íbúum svæðisins þótt þeir hafi verið upphaflegur markhópur hans.

3.1 Nemendur í frumgreinanámi 2007–10 (H: Haust; V: Vor; S: Sumar)

SKRÁÐIR	H/2007	V/2008	H/2008	V/2009	H/2009	V/2010
STAÐARNÁM	108	90	146	141	116	105
FJARNÁM		32	25	110	109	183
SAMTALS	108	122	171	251	225	288
AF SUÐURN. Í STAÐARNÁMI	44%		30%		56%	
ÚTSKRIFAÐIR	S/2008		S/2009		S/2010	
ÚR STAÐARNÁMI	85 (78,7% AF 108)		123 (84,2% AF 146)		86 (74,1% AF 116)	
ÚR FJARNÁMI	0		18 (56,3% AF 32)		62 (56,4% AF 110)	
SAMTALS	85		141		148	

BYGGT Á UPPLÝSINGUM FRÁ KEILI

Eins og taflan sýnir brautskráði Keilir alls 374 frumgreinanemendur fyrstu þrjú starfsár sín, þar af 294 úr staðarnámi og 80 úr fjarnámi. Að jafnaði luku 79,5% upphaflega skráðra nemenda í staðarnámi námi á tilskildum tíma (einu ári) og 56,4% upphaflega skráðra nemenda í fjarnámi (á einu og hálfu ári). Brottfall úr námi eða seinkun á brautskráningu virðist því hafa verið með áþekkingu hætti og í framhaldsskólum almennt skólaárið 2002–03 samkvæmt könnun Hagstofunnar, þ.e. 15% meðal dagskólanem-

enda og 52% meðal fjarnemenda. Keilir greinir sig að þessu leyti ekki frá öðrum skólum svo að neinu nemi. Í þessu sambandi má einnig benda á að samkvæmt upplýsingum frá Háskólanum í Reykjavík hefur raunbrottfall úr frumgreinanámi verið um 19% síðustu ár. Samkvæmt upplýsingum frá Háskólanum á Bifröst minnkaði brottfall úr þessu námi á hinn bóginn úr 21% árið 2005 í 1% árið 2009.

3.2 FRAMLÖG RÍKISINS TIL FRUMGREINAKENNSLU KEILIS

Í 3. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla, 12. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og reglugerð nr. 108/1999 um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi er sérstaklega tekið fram að viðurkenning mennta- og menningarmálaráðuneytis á slíkri skólastarfsemi feli hvorki í sér skuldbindingu stjórnvalda um fjárframlög til starfseminnar né fjárhagslega eða rekstrarlega ábyrgð á henni. Viðurkenning ráðuneytisins er aftur á móti forsenda fjárframlaga ríkisins. Endanlega ráðast þau samt af ákvörðun Alþingis við gerð fjárlaga hverju sinni. Viðurkenning ráðuneytis er sömuleiðis forsenda þess að Lánasjóður íslenskra námsmanna veiti nemendum námslán. Mikill þorri frumgreinaneimenda Keilis þiggur slík lán, þ.e. 90–98% þeirra síðustu tvö skólaár.

Íslenska ríkið hefur frá upphafi stutt frumgreinakennslu Keilis með sérstakri fjárveitingu. Í fréttatilkynningu fjármálaráðuneytis frá 12. september 2007 um mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskafla var greint frá sérstöku fjárframlagi sem renna skyldi til frumgreinadeildar Keilis. Í fjárlögum ársins 2008 kom fram að um væri að ræða tveggja ára tímabundið framlag og nam það 123,6 m.kr. árið 2008 og 112 m.kr. árið 2009, þ.e. samtals 235,6 m.kr. Framlagið miðaðist í reynd ekki við áætlaðan fjölda ársnemenda, eins og almennt gerist um fjárveitingar til framhaldsskóla og háskóla, heldur við hlutfallslega skiptingu tiltekinnar fjárhæðar (140 m.kr. í tvö ár) milli frumgreinadeilda Keilis og Háskólaaseturs Vestfjarða eftir nemendafjölda þessara skóla.

Um þessa fjárveitingu gerðu menntamálaráðuneyti, Háskóli Íslands og Keilir sérstaka samninga 12. nóvember 2008 og 23. mars 2009 og telur ráðuneytið þá ígildi þjónustusamninga. Af þeim verður ekki ráðið annað en að féð skuli eingöngu renna til frumgreinanáms Keilis, bæði staðarnáms og fjarnáms, og verður að telja aðra notkun þess óheimila. Jafnframt kemur fram að námið skuli fara fram við Háskólabrú Keilis á Reykjanesi og að Háskólinn skuli veita faglega aðstoð við undirbúning og uppbyggingu þess. Að lokum er þess getið að um sé að ræða tímabundið framlag til tveggja ára. Ekki er því kveðið á um áframhaldandi fjárstuðning til frumgreinakennlunnar eftir árið 2009.

Í fjárlögum ársins 2010 fékk Keilir engu að síður 108 m.kr. fjárveitingu „til frumgreinanáms og annarra vinnumarkaðsúrræða sem lúta að menntun“, samkvæmt umsókn skólans til fjárlaganefndar. Skyldi unnið að þessu „í samvinnu við viðurkennda háskóla eða aðrar stofnanir sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið“. Um ráðstöfun greiðslunnar gerðu mennta- og menningarmálaráðuneyti og Keilir sérstakan samning á þriggja ára afmæli Keilis 7. maí 2010. Ólíkt fyrrnefndum samningum nær hann ekki aðeins til frumgreinakennslu heldur einnig til þriggja viðurkenndra greina á

UPPHAFLEGA TVEGGJA
ÁRA TÍMABUNDIÐ
FRAMLAG

108 M.KR. FJÁRVEITING
ÁRIÐ 2010

framhaldsskólastigi, námsbrautar fyrir flugþjóna, náms í flugumferðarstjórn og ÍAK-einkaþjálfaranáms, og að lokum vinnuþjónu sem lúta að menntun. Þar kemur sömuleiðis fram að ársframlag á hvern nemanda í fullu námi skuli „ekki vera hærra en meðalframlag á nemanda á sambærilegum námsbrautum í framhaldsskólum og frumgreinanámi í háskólum“.

Ólíkt því sem tíðkast í hefðbundnum framhaldsskólum greiða nemendur í frumgreinadeildum íslenskra skóla skólagjöld. Samkvæmt heimasíðu Keilis munu þau haustið 2010 nema 7.500 kr. á hverja námseiningu í staðarnámi en 10.000 kr. á einingu í fjarnámi. Fyrir fullt nám (heilsársnám) í staðarkennslu greiðir hver nemandi því á bilinu 435–585 þús.kr. en fyrir fullt nám í fjarkennslu á bilinu 580–780 þús.kr. allt eftir einingafjölda.

Samkvæmt upplýsingum frá Keili 23. apríl 2010 námu skólagjöld samtals 44,5% allra tekna Keilis vegna frumgreinadeildar fyrstu þrjú starfsár skólans, þ.e. 188,7 m.kr., en ríkisstyrkur 55,5%, þ.e. 235,6 m.kr. Þar af nam ríkisstyrkurinn 65,4% tekna árið 2008 en 52,1% tekna árið 2009.

3.2 Tekjur og gjöld vegna frumgreinanáms 2007–09 (í m.kr.)					
	SKÓLAGJÖLD	RÍKISSTYRKUR	TEKJUR ALLS	GJÖLD ALLS	HAGN. / TAP
2007	20,3		20,3	65,2	-45,0
2008	65,5	123,6	189,1	216,0	-26,9
2009	103,0	112,0	215,0	238,9	-24,0
SAMTALS	188,7	235,6	424,3	520,2	-95,8
HLUTFALL	44,5%	55,5%	100,0%		

BYGGT Á UPPLÝSINGUM FRÁ KEILI, 23. APRÍL 2010

LÍN HEFUR STAÐIÐ
UNDIR 86%
SKÓLAGJALDA

Vert er að geta þess að nemendur fjármagna skólagjöld sín að stærstum hluta með skólagjaldalánnum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Skólaárið 2008–09 námu slík lán vegna frumgreinanáms Keilis alls 65,7 m.kr. vegna 191 nemanda (þ.e. 344 þús.kr. að meðaltali) og þau eru áætluð 96,5 m.kr. skólaárið 2009–10 vegna 232 nemenda (þ.e. 416 þús.kr. að meðaltali). Lauslega áætlað hafa skólagjaldalán því staðið undir um 86% allra skólagjalda frá upphafi.¹ Sem slík eru þau afar mikilvægur þáttur í rekstri frumgreinadeildar Keilis.

95,8 M.KR. TAP Á
FRUMGREINADEILD
2007–09

Eins og fram kemur í töflu 3.2 varð samtals 95,8 m.kr. tap á rekstri frumgreinadeildar Keilis á árunum 2007–09, mest 45 m.kr. árið 2007 en minnst 24 m.kr. árið 2009. Tekjur skólans vegna þessarar rekstrareiningar voru þó hlutfallslega álíka miklar og annarra íslenskra framhaldsskóla á sama tíma. Um það ber tafla 3.3 vitni. Þar kemur fram að alls námu tekjur Keilis vegna hvers ársnemanda í frumgreinanámi um 1.291 þús.kr. árið 2008 og 903 þús.kr. árið 2009. Þetta er umtalsvert hærra en meðalframlög ríkisins vegna hvers ársnemanda opinberra framhaldsskóla þessi ár, 686 þús.kr. árið 2008 og 776 þús.kr. árið 2009. Raunar voru tekjur Keilis vegna hvers frumgreinanemanda hærri

1 Skv. úthlutunarreglum LÍN er einungis veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 45.000 kr. Ekki er því lánað fyrir öllum skólagjöldum.

en nemendaframlög ríkisins til nokkurs annars framhaldsskóla árið 2008. Munurinn minnkaði aftur á móti verulega seinna árið og voru tekjur Keilis þá svipaðar og tekjur lítilla skóla á landsbyggðinni.

Af töflu 3.3 má einnig ráða að fjárveitingar ríkisins til frumgreinadeildar Keilis hafa verið síst minni en fjárveitingar ríkisins til annarra einkaaðila sem veita sambærilega þjónustu og innheimta skólagjöld eins og Keilir. Þar kemur fram að ríkið veitti Háskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík 459–469 þús.kr. vegna hvers frumgreinanemanda þeirra árið 2008 og 471–481 þús.kr. árið 2009. Fyrra árið fékk Keilir umtalsvert hærri fjárveitingar, 843,7 þús.kr., en seinna árið var lítill eða enginn munur á Keili og hinum skólunum tveimur.

3.3 Tekjur Keilis vegna nemenda í frumgreinanámi 2008–09 (í þús.kr.)				
	2008	Á NEMANDA	2009	Á NEMANDA
ÁRSNEMENDUR	146,5		238	
SKÓLAGJÖLD	65.500	447,1	103.000	432,8
AF RÍKISFÉ	123.600	843,7	112.000	470,6
ALLS TEKJUR	189.100	1.290,8	215.000	903,4
RÍKISFRAML. TIL FRAMHALDSSKÓLA		Á NEMANDA		Á NEMANDA
MEÐALTAL		686		776
MEST		1.152		1.547
MINNST		523		596
RÍKISFRAML. TIL FRUMGREINADEILDA				
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST		459		471
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK		469		481

Rekstrarvandi frumgreinadeildar Keilis þessi tvö ár stafar því a.m.k. ekki eingöngu af skorti á tekjum. Þar hlýtur kostnaðurinn einnig að hafa ráðið miklu. Miðað við óbreytt útgjöld hefðu tekjur Keilis af frumgreinanámi þurft að vera 1.474 þús.kr. á nemanda árið 2008 og 1.004 þús.kr. á nemanda árið 2009 til þess að rekstur deildarinnar hefði orðið í jafnvægi.

Rétt er að geta þess að talsmenn Keilis gerðu í bréfi frá 16. ágúst 2010 eftirfarandi athugasemd við umfjöllun Ríkisendurskoðunar um rekstur frumgreinadeildar skólans og að áður nefnt 235,6 m.kr. framlag ríkisins til Keilis á árunum 2008 og 2009 skuli að öllu leyti hafa verið talið meðal tekna hennar:

„Ekki er rétt að reikna allt ríkisframlagið á Háskólabrú. Með vitund og vilja ráðuneytis hefur hluti þess verið notaður í almennt starf skólans, þ.m.t. aðrar námsbrautir viðurkenndar. Má þar nefna ÍAK einkaþjálfara, frumkvöðlanám, orkuskóla, bóklegt atvinnuflug, flugumferðarstjórn, flugfreyjur, auk Háskólabrúar. Þess hefur enginn farið leynt. Allar þessar námsbrautir [eru] hluti af starfi Keilis og viðurkenndar af opinberum aðilum. Þá lánar LÍN í allt þetta nám. Undirskrift menntamálaráðherra þann 7. maí s.l. á samning við Keili staðfestir þessa hugsun og þá aðferð sem unnið hefur verið eftir með fullri vitund ráðuneytisins enda ekkert að

REKSTRARVANDINN
FELST Í OF MIKLUM
KOSTNAÐI

fela í þessum efnum. Samkvæmt þessu er eðlilegt að ætla að hámarki helming ríkisframlagsins til Háskólabrúar þó alltaf sé erfitt að greina hvert hin almenna þjónusta skólustarfsins fer. Þetta má flokka sem hluta af nauðsynleg[um] „start-kostnaði“ skóla. Mikilvægt að lagfæra skýrsludrögin í samræmi við þetta. Rekstur Háskólabrúar þykir afar hagkvæmur í rekstri.“

Ríkisendurskoðun hafnar alfarið þessari túlkun og telur hana á engan hátt samrýmast orðum og anda áðurnefndra samninga menntamálaráðuneytis, Háskóla Íslands og Keilis vegna frumgreinanáms við Háskólabrú Keilis frá 12. nóvember 2008 og 23. mars 2009. Þar er eingöngu rætt um frumgreinanám Keilis og ekki vikið einu orði að öðrum námsgreinum skólans eða heimildum hans til að nýta féð í þeirra þágu. Að þessu leyti eru þeir gjörólíkir samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Keilis frá 7. maí 2010 um það hvernig ráðstafa skuli 108 m.kr. framlagi ríkisins árið 2010, þ.e. „til kennslu á framhaldsskólastigi, frumgreinanáms og vinnumarkaðsúræða sem lúta að menntun“. Að auki er túlkun Keilis augljóslega í mótsögn við þær upplýsingar sem skólinn veitti stofnuninni 23. apríl 2010 (sjá bls. 22).

Ríkisendurskoðun óskaði ítrekað skýringa forsvarsmanna Keilis á þessum mótsagnar-kenndu upplýsingum. Farið var fram á að þeir annaðhvort staðfestu upplýsingar sínar frá 23. apríl, sem stofnunin byggir umfjöllun sína á, eða birtu ný sundurliðuð gögn um ráðstöfun áðurnefnds ríkisframlags. Viðhlítandi svör fengust ekki. Vegna þessa ákvað Ríkisendurskoðun að láta umfjöllun sína um kostnað og gjöld frumgreinadeildar Keilis standa óbreytt. Jafnframt hlýtur stofnunin að átelja það að Keilir hafi nýtt hluta þess ríkisframlags sem hér um ræðir til annarra námsgreina en frumgreinanáms. Að mati Ríkisendurskoðunar er það skýlaust brot á þeim samningum sem gerðir voru um ráðstöfun þess og snúast í eðli sínu um kaup ríkisins á tiltekinni þjónustu en ekki um almennan styrk til skólustarfs. Talsmenn mennta- og menningarmálaráðuneytis tóku undir þennan skilning Ríkisendurskoðunar í tölvubréfi til stofnunarinnar.

SKÝLAUST BROT Á SAMNINGUM

3.3 ÁRANGUR FRUMGREINAKENNSLU KEILIS

Erfitt er að kveða upp úr um árangur af starfsemi frumgreinadeildar Keilis eftir aðeins þrjú skólaár. Stöðug fjölgun nemenda og aukin starfsemi í öðrum landshlutum sýnir að vísu að námið mælist vel fyrir og ekki er ástæða til að efast um að það hafi opnað mörgum eldri nemendum leið til aukinnar menntunar. Um leið er ljóst að almennt hefur nemendum framhaldsskóla fjölgað talsvert síðustu ár. Að því leyti sker Keilir sig ekki sérstaklega úr. Jafnframt sýnir samsetning nemendahópsins að skólinn leitast ekki eingöngu við að hækka menntunarstig á Suðurnesjum, eins og stefnt var að í upphaflegum markmiðum hans. Hann hefur þvert á móti haslað sér völl í öðrum landshlutum. Ekki er ólíklegt að þetta hafi að einhverju leyti bitnað á öðrum skólum sem bjóða upp á frumgreinanám, þ.e. dregið úr aðsókn þar. Eðlilegt er að litið sé til allra þessara þátta þegar árangur frumgreinadeildar Keilis er metinn í heild sinni. Í eftirfarandi mati á árangri hennar verður þó fyrst og fremst litið til einnar tilraunar til að meta deildina á faglegan hátt og þriggja annarra til að meta afdrif frumgreinanemenda skólans að námi loknu, tveggja á vegum skólans sjálfs og einnar á vegum Háskóla Íslands. Að lokum er hugað að því hvort skólanum hafi tekist það ætlunarverk sitt að hækka menntunarstigið á Suðurnesjum.

ERFITT AÐ KVEÐA UPP ÚR UM ÁRANGUR

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor í kennslufræði við Háskóla Íslands og kennslufræðilegur ráðgjafi Keilis, gerði árið 2008 úttekt á frumgreinadeildinni fyrsta starfsár skólans 2007–08. Í heild var niðurstaða hans mjög jákvæð, m.a. taldi hann að „kraftur, metnaður og þjónustulund“ starfsmanna hennar væri „til fyrirmyndar og eftirbreytni“.² Þá taldi hann að hlutfall útskrifaðra nemenda hlyti að teljast „einstaklega góður árangur, m.a. í ljósi þess að margir í nemendahópnum voru að taka upp þráðinn eftir langt hlé frá námi“ (bls. 9). Ingvar var hins vegar gagnrýninn á ýmsa aðra þætti kennslunnar. Hann benti m.a. á vissa hættu á of miklum eftirgefanleika gagnvart nemendum sem ekki stæðu sig sem skyldi í náminu, erfiðleika stórs hóps nemenda við að tileinka sér stærðfræði og óánægju þeirra með of litla kennslu í þeirri grein. Að lokum vék hann að ákveðinni lausung í kennarahópnum sem að stórum hluta eru stundakennarar eða verktakar.

Sjálfur gerði Keilir í lok janúar 2009 og 2010 rafrænar kannanir meðal þeirra nemenda sem útskrifast höfðu af Háskólabrú sumarið áður. Fyrra árið voru 85 nemendur í úrtakinu, þ.e. allir sem útskrifuðust 2008, en seinna árið 117 staðarnemendur (af 123 staðarnemendum sem útskrifuðust 2009). Svarhlutfall var 73–75%. Alls kváðust 57 nemendur af 62 hafa skráð sig í háskólanám haustið 2008 (91,9%) en 77 af 88 haustið 2009 (87,5%). Langflestir skráðu sig í Háskóla Íslands, þ.e. 63–77% allra þeirra sem hófu háskólanám. Almennt töldu nemendur að nám á Háskólabrú hefði veitt þeim góðan undirbúning fyrir háskólanám. Fyrra árið töldu 78,7% undirbúninginn góðan eða mjög góðan en seinna árið var þetta hlutfall 77,3%. Bæði árin bentu nemendur Keilis þó á að leggja mætti meiri áherslu á einstaklingsverkefni auk íslensku og ensku. Á hinn bóginn mætti draga úr gagnaprófum (prófum þar sem nemendum er leyft að hafa með sér öll gögn). Fyrra árið var einnig bent á að bæta mætti og efla stærðfræðikennslu.

Þessar niðurstöður koma í meginatriðum heim og saman við viðhorfskönnun Háskóla Íslands frá vorinu 2010 á ánægju grunnnema hans með þann undirbúning sem þeir fengu í framhaldsskólum.³ Þar töldu alls 85,8% fyrrum nemenda Keilis sig hafa fengið góðan undirbúning fyrir háskólanám og skipaði Keilir sér þar á bekk með þeim framhaldsskólum þar sem ánægjan var mest. Samkvæmt þessari könnun fólst helsti veikleiki nemenda Keilis í erfiðleikum með að tileinka sér námsefni á ensku á fyrsta námsári í Háskóla Íslands. Alls töldu um 50% þeirra að svo hefði verið. Einnig þessi niðurstaða er í samræmi við eigin könnun Keilis.

Háskóli Íslands gerði afmarkaða úttekt á afdrifum nemenda fyrsta árgangs Keilis (2007–08) innan Háskólans almanaksárið 2009, þ.e. hversu mörgum námseiningum

² Ingvar Sigurgeirsson. „... hér hjálpast fólk að ...“ Skýrsla um mat á Háskólabrúnni: frumgreinadeild Keilis skólaárið 2007–2008. Október 2008, bls. 19.

³ Sbr. *Undirbúningur undir háskólanám*. Viðhorfskönnun kennslumálanefndar háskólaráðs meðal grunnnema H.Í. 23. apríl 2010 til 30. apríl 2010. Háskóli Íslands 2010.

(ECTS) þeir luku (sbr. töflu 3.4). Til viðmiðunar voru fjórir aðrir fámennir framhaldsskólar landsins. Þrír þeirra eru minni en Keilir en einn heldur stærri.

FYRSTI NEMENDAHÓPUR
KEILIS FREMUR
SUNDURLEITUR

Eins og fram kemur luku 19 af 50 skráðum nemendum Keilis (38%) engum námseiningum þetta ár og er það mun hærra hlutfall en þegar litið er til hinna skólanna fjögurra. Þar var meðaltalið 24,4%. Á móti kom að hlutfallslega fleiri nemendur Keilis (32% alls) luku meira en 60 námseiningum, þ.e. fullu ársnámi, á móti 22,5% þegar horft er til hinna skólanna. Þetta bendir til þess að fyrsti nemendahópur Keilis hafi verið fremur sundurleitur. Sumum gekk augljóslega vel en aðrir virðast tæpast hafa haft faglegan undirbúning eða metnað til að hefja háskólanám.

3.4 Afdrif fyrsta árgangs Keilis (2007–08) innan HÍ árið 2009

NÁMSEININGAR	KEILIR EHF.		FJÓRIR VIÐMIÐUNARSKÓLAR	
	NEMENDAFJÖLDI	HLUTFALL	NEMENDAFJÖLDI	HLUTFALL
0	19	38,0%	39	24,4%
1–30	12	24,0%	39	24,4%
31–60	3	6,0%	46	28,8%
61–90	5	10,0%	13	8,1%
91–120	9	18,0%	15	9,4%
121 +	2	4,0%	8	5,0%
SAMTALS	50	100,0%	160	100,0%

BYGGT Á GÖGNUM FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS

þegar horft er til þessa fyrsta nemendaárgangs Keilis sem stundaði nám við Háskóla Íslands vekur athygli hve ójafnt hann dreifðist milli deilda. Eins og tafla 3.5 sýnir voru 30 nemendur af 50 skráðir á félagsvísindasvið Háskólans (60%), samanborið við 33,1% nemenda þegar litið er til viðmiðunarskólanna fjögurra og 30,3% þegar litið er til allra nýnema við Háskóla Íslands þetta skólaár. Einungis fjórir nemendur Keilis voru hins vegar skráðir á verkfræði- og náttúruvísindasvið (8%) þrátt fyrir að alls hafi 24 af 85 brautskráðum nemendum Keilis vorið 2008 (28,2%) stundað nám í verk- og raunvísindadeild skólans. Þá skráði aðeins einn nemandi Keilis sig á heilbrigðisvísindasvið Háskólans (2%). Á báðum þessum sviðum greinir Keilir sig frá viðmiðunarskólunum þar sem hlutfallið er mun hærra.

FLESTIR SKRÁÐU SIG Á
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

3.5 Námsleiðir fyrsta árgangs Keilis (2007–08) innan HÍ árið 2009

	KEILIR	VIÐMIÐUNARSKÓLAR	NÝNEMAR ALLS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ	60,0%	33,1%	30,3%
HUGVÍSINDASVIÐ	18,0%	13,8%	17,2%
MENNTAVÍSINDASVIÐ	12,0%	5,0%	24,0%
VERK.- OG NÁTT.VÍSINDASVIÐ	8,0%	25,0%	14,9%
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ	2,0%	23,1%	13,7%
SAMTALS	100,0%	100,0%	100,0%

BYGGT Á GÖGNUM FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Þessi samanburður gefur nokkra vísbendingu um áherslur Keilis í frumgreinakennslu á fyrsta starfsári sínu, styrk hans og veikleika. Styrkurinn virðist aðallega hafa legið á sviði félags- og hugvísinda en veikleikarnir á sviði stærðfræði og náttúruvísinda. Til hins sama bendir könnun Háskólans á fjölda þeirra eininga sem nemendur Keilis luku árið 2009. Að meðaltali luku þeir sem stunduðu nám á menntavísindasviði flestum

einingum (54 e) en þeir sem stunduðu nám á verkfræði- og náttúruvísindasviði fæstum (8,3 e). Í þessu sambandi má einnig geta þess að samkvæmt áður nefndri könnun Keilis á afdrifum fyrsta nemendaárgangs síns skráðu alls 10 þeirra 57 sem hófu háskólanám sig upphaflega í verkfræði og náttúruvísindi. Einungis tveir þeirra voru enn skráðir í slíkt nám þegar könnunin var gerð. Nemendum Keilis í félagsvísindum hafði hins vegar fjölgað úr 26 í 29 á sama tíma.

Könnun Háskóla Íslands var rædd í samstarfsnefnd Keilis og Háskólans og í fagráði Háskólabrúar, þar sem sitja bæði fulltrúar Keilis og Háskólans, og mun Keilir í framhaldinu hafa gert tilteknar breytingar á frumgreinakennslunni í samvinnu við Háskólann. Af eigin könnunum Keilis á námsvali útskrifaðra nemenda sinna fyrstu tvö skólaárin má ráða að meiri jöfnun hafi átt sér stað. Samkvæmt þeim sækja nemendur þó enn langmest á félagsvísindasvið en í litlum mæli á heilbrigðisvísindasvið eða verk- og raunvísindasvið. Mesta fjölgunin hefur hins vegar orðið á menntavísindasviði.

Af þessu má ráða að Keilir þurfi að styrkja kennslu sína í vissum greinum vilji hann standa undir þeim kröfum sem bæði skólayfirvöld og nemendur hljóta að gera til hans sem framhaldsskóla sem veitir alhliða undirbúning fyrir háskólanám. Einkum á það við um stærðfræði og náttúruvísindi. Ábyrgð Háskóla Íslands er einnig talsverð. Í því sambandi má raunar benda á að samkvæmt „Reglum um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands, nr. 319/2009“ hafa ekki allar deildir Háskólans viðurkennt með formlegum hætti lokapróf úr frumgreinadeild Keilis til inntöku. Meðal deilda sem ekki hafa gert það má nefna hjúkrunarfræðideild, lyfjafræðideild og læknadeild. Fá dæmi munu þó um að nemendum Keilis hafi verið meinað að hefja nám í þessum deildum.

KEILIR ÞARF AÐ STYRKJA
SIG Í VISSUM GREINUM

Þegar leitast er við að meta árangur Keilis við að hækka menntunarstig á Suðurnesjum liggur beinast við að kanna þróun skólasóknar á framhaldsskólastigi meðal þess nemendahóps sem skólanum er einkum ætlað að höfða til, þ.e. 25 ára og eldri. Af tölum Hagstofunnar fyrir árin 2007–09 eru ekki merkjanlegar umtalsverðar breytingar þegar litið er til Suðurnesja. Skólasókn þessa nemendahóps jókst að vísu nokkuð milli áruna 2007 og 2008 en dróst að nýju saman árið 2009 og var þá álíka mikil og fyrir landið í heild og raunar minni en árið 2007.

SKÓLASÓKN ELDRI
NEMENDA HEFUR LÍTIÐ
BREYST Á SUÐURNESJUM

3.6 Hlutfallsleg skólasókn 25 ára og eldri á framhaldsskólastigi						
	2007		2008		2009	
ALDUR	SUÐURNES	LANDIÐ	SUÐURNES	LANDIÐ	SUÐURNES	LANDIÐ
25–29	8%	8%	10%	7%	7%	7%
30–29	6%	4%	7%	4%	5%	4%
+ 40	2%	1%	2%	1%	1%	1%

BYGGT Á GÖGNUM FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS

Af þessum tölum einum og sér verður ekki ráðið að skólahald Keilis hafi enn sem komið er haft þau áhrif sem að var stefnt. Í raun eru breytingar á skólasókn á Suðurnesjum mun meiri þegar litið er til 16–19 ára unglunga (sbr. töflu 3.7). Árið 2009 sóttu 92% 16 ára unglunga svæðisins framhaldsskóla og 61% 19 ára unglunga miðað við 88% 16 ára unglunga og 51% 19 ára unglunga árið 2007. Þegar litið er til þessara aldurs hópa hafa

Suðurnesin færst nær meðaltali landsins alls þótt enn vanti nokkuð upp á að því meðaltali sé náð.

3.7 Hlutfallsleg skólasókn 16–19 ára á framhaldsskólastigi

ALDUR	2007		2008		2009	
	SUÐURNES	LANDIÐ	SUÐURNES	LANDIÐ	SUÐURNES	LANDIÐ
16	88%	93%	88%	93%	92%	95%
17	76%	83%	74%	85%	83%	90%
18	65%	77%	61%	75%	66%	80%
19	51%	68%	58%	69%	61%	72%

BYGGT Á GÖGNUM FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS

4 ÖNNUR STARFSEMI KEILIS

4.1 EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Í viðurkenningarbréfi menntamálaráðuneytis á Keili sem einkareknum framhaldsskóla frá 8. maí 2008 eru taldar upp allmargar námsbrautir sem ráðuneytið viðurkennir og Keilir bauð upp á skólaárið 2008–09. Þetta eru: Námsbraut fyrir skólaliða, námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum, afreksbraut, áltækni, námsbraut fyrir flugþjóna, flugumferðarstjórn, námsbraut fyrir einkaþjálfara og orkutækni. Hluti þessara námsgreina, þ.e. námsbraut fyrir skólaliða, námsbraut fyrir leiðbeinendur á leikskólum og áltækni, hlaut ekki brautargengi og féll fljótlega úr skaftinu en aðrar námsgreinar komu í stað þeirra, ýmis tímabundið (nám fyrir sjúkraflutningamenn og öryggisverði) eða til fram-búðar. Orkutæknin færðist á hinn bóginn yfir í háskólahluta Keilis, Orku- og tækniskólann.

Tvö síðustu skólaár, 2008–09 og 2009–10, hefur Keilir boðið upp á starfstengt sérnám á framhaldsskólastigi í fjölmörgum greinum. Innan Heilsu- og uppeldisskólans er unnt að stunda tveggja anna ÍAK-einkaþjálfaranám og voru skráðir nemendur 110 í byrjun árs 2010. Innan Flugakademiunnar er boðið upp á nám í flugumferðarstjórn, flugþjónustu og flugrekstrarfræði, auk bóklegs og verklegs einka- og atvinnuflugnáms. Samtals voru nemendur í þessum greinum 148 í byrjun árs 2010. Flugmálastjórn Íslands hefur samþykkt Keili bæði sem flugskóla og flugumferðarstjóraskóla.

Ríkið veitti Keili ekki fjárstuðning vegna starfstengdra námsgreina á framhaldsskólastigi fyrstu starfsár skólans. Samkvæmt samningi Keilis og mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 7. maí 2010 mun hins vegar nokkur hluti af 108 m.kr. framlagi ríkisins til Keilis árið 2010 renna til þriggja námsbrauta á þessu stigi sem ráðuneytið viðurkendi árið 2008, þ.e. fyrir ÍAK-einkaþjálfara, flugumferðarstjóra og flugþjóna. Áætlað framlag á hvern ársnemanda í þessu námi verður á bilinu 596–644,8 þús.kr., allt eftir því hvaða grein þeir leggja stund á. Til samanburðar má geta þess að ríkið greiðir að jafnaði 758 þús.kr. fyrir hvern ársnemanda í opinberum framhaldsskólum árið 2010. Almenn innheimta þessir skólar þó ekki námsgjöld eins og Keilir. Vegna komandi skólaárs (2010–11) nema slík gjöld 390 þús.kr. vegna flugþjónanáms, 540 þús.kr. vegna einkaþjálfaranáms og 580 þús.kr. vegna flugumferðarstjóranáms. Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir skólagjaldalán vegna allra þeirra. Samtals munu tekjur Keilir vegna hvers nemanda í þessum greinum því verða á bilinu 985–1.184 þús.kr., þ.e. álíka há og nemendaframlög ríkisins til iðn- og verkmenntaskóla.

EKKI RÍKISFRAMLÖG TIL
STARFSTENGDRÁ
NÁMSGREINA FYRSTU
ÁRIN

Af starfstengdum námsgreinum Keilis á framhaldsskólastigi hefur 60 eininga diplómanám í flugrekstrarfræðum nokkra sérstöðu. Fagráð flugrekstrar, skipað fulltrúum Háskóla Íslands og Keilis, hefur að vísu staðfest það og vottað. Engu að síður fellur það ekki undir samstarfssamning Háskólans og Keilis um háskólanám og verður því ekki talið með eiginlegum háskólagreinum skólans. Það mun þó nær alfarið metið inn í viðskiptafræðideild Háskólans. Námið nýtur ekki heldur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytis og Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir ekki lán vegna skólagjalda sem nema 600 þús.kr. á komandi skólaári. Sambærilegt nám er kennt við Tækniskólann í samvinnu við Háskólann í Reykjavík og geta nemendur sótt um mat á því til frekara náms við síðarnefnda skólann.

Þar sem fjárveitingar ríkisins til starfstengdra námsgreina Keilis á framhaldsskólastigi eru nýlega til komnar verður ekki leitast við að meta árangur þeirra. Stöðug fjölgun nemenda bendir þó til þess að greinarnar hafi hlotið hljómgrunn.

4.2 HÁSKÓLAKENNSLA

Hinn 3. mars 2009 gerðu Háskóli Íslands og Keilir með sér fjögurra ára samstarfssamning um háskólanám á vettvangi Keilis. Aðilarnir skipta þannig með sér verkum að Keilir ábyrgist framkvæmd námsins, fjármögnun, kennsluáðstöðu og markaðssetningu. Háskóli Íslands sér aftur á móti um faglega hlið námsins. Undir það fellur m.a. ábyrgð á gæði kennslunnar, námsefni og námsmati, eftirliti og umsjón með inntöku nýnema, ráðningu akademískra starfsmanna og brautskráningu nemenda. Öll þessi atriði skulu uppfylla kröfur Háskólans. Háskólinn skal einnig ákveða fræðasvið og fræðigreinar sem samstarfið nær til. Með náminu skal sérstaklega koma til móts við þarfir samfélagsins á Suðurnesjum en þó skal ekki boðið upp á nám sem er kennt annars staðar á vegum Háskólans. Samkvæmt samningnum skal Keilir greiða Háskólanum sérstaka þóknun fyrir umsjón og vinnu fagráða, þ.e. 4% af heildartekjum þess náms sem kennt er á ábyrgð Háskólans.

Í samstarfssamningi Háskóla Íslands og Keilis um háskólanám vekur sérstaka athygli ákvæði um að námið sé „skipulagt af HÍ í samræmi við reglur skólans um endurmenntun á vegum deilda“ og að allt námsframboð eigi það sammerkt „að teljast endurmenntun á vegum hlutaðeigandi háskóladeilda“. Af þessum sökum hefur Keilir hingað til getað innheimt efnisgjöld vegna námsins til viðbótar við skrásetningargjöld.

Skólaárið 2009–10 bauð Keilir í fyrsta skipti upp á háskólanám á eigin vegum samkvæmt þessum samningi. Um er að ræða þverfaglegt 224 ECTS-eininga grunnnám (BSc.-nám) í orku- og umhverfistækni- og jafnvíðamikni grunnnám í mekatróník tækni- og tæknifræði. Námið fer fram innan Orku- og tækniskólans en í nánú samstarfi við verkfræðideild Háskóla Íslands. Alls stunduðu 23 nemendur nám í þessum greinum skólaárið 2009–10. Markmiðið er að útskrifaðir nemendur verði eftirsóttir starfskraftar fyrir bæði íslenskan og erlendan orku- og tækniiðnað.

Að auki bauð Orku- og tækniskóli Keilis upp á 60 eininga diplómanám í frumkvöðlafræði í annað skipti og voru skráðir nemendur þar 14. Sumarið 2009 útskrifaði skólinn 11 nemendur af þessari braut. Nám þetta er skipulagt í samstarfi Keilis, verkfræði-

deildar Háskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Það er þó ekki á faglegri ábyrgð Háskólans eins og orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník tæknifræði. Einstök námskeið yrðu þó væntanlega metin inn í grunnnámi í viðskiptafræði og verkfræði við þann skóla.

Ríkið veitti Keili í fyrsta sinn fjárstuðning vegna háskólakennslu í fjárlögum ársins 2010. Þar er kveðið á um samtals 32,8 m.kr. framlag til orku- og tæknifræðikennslu skólans (30 nemendaígildi) og rennur féð um Háskóla Íslands. Að öðru leyti er kennslan fjármögnuð með skráningar- og efnisgjöldum nemenda. Í orku- og umhverfistæknifræði og mekatróník tæknifræði nema slík gjöld 100 þús.kr. fyrir önn á komandi skólaári, þ.e. 600 þús.kr. fyrir námið í heild. Lánasjóður íslenskra námsmanna lánar nemendum Keilis ekki fyrir gjöldunum þar sem námsbrautirnar eru skráðar sem fyrrihlutanám (BSc.) við Háskóla Íslands og gefa þar af leiðandi ekki rétt á skólagjaldaláni. Lánasjóðurinn veitir aftur á móti skólagjaldalán fyrir námi í frumkvöðlafræðum.

Þar sem fjárveitingar ríkisins til námsgreina Keilis á háskólastigi eru nýlega til komnar verður ekki leitast við að meta árangur þeirra. Greinarnar virðast þó hafa fallið í allgóðan jarðveg meðal nemenda. Eins ber að geta þess að alls voru 24 allra nemenda Orku- og tækniskólans 2009–10 (64,9%) af Suðurnesjum. Að þessu leyti virðist skólinn hafa svarað tiltekinni þörf, eins og að var stefnt.

Háskólakennslu Keilis er engu að síður nokkur hætta búin. Annars vegar er kennslan í einu og öllu háð samstarfi skólans við Háskóla Íslands og hag hans af því og áhuga. Í því samhengi má raunar velta fyrir sér áhrifum 4. greinar nýsamþykkrtra „Verklagsreglna um greiðslur vegna aukastarfa innan Háskóla Íslands sem kostuð eru af öðru fé en opinberum fjárveitingum til Háskóla Íslands“ (frá 3. júní 2010). Greinin ber heitið „Samningar um námskeið og námsleiðir í endurmenntun sem er á faglegri ábyrgð deilda“ og hljóðar svo:

„Háskóli Íslands og einstakar stofnanir hans semja eingöngu við viðurkennda háskóla um að sjá um nám eða námshluta á háskólastigi sem er á faglegri ábyrgð deilda Háskóla Íslands. Slíka samninga er ekki heimilt að framselja til þriðja aðila.“

Þar sem Keilir er ekki „viðurkenndur háskóli“ heldur í raun „þriðji aðili“ virðist hér með vegið að framtíðarsamstarfi hans við Háskóla Íslands. Gildandi samningur þessara aðila um háskólanám rennur þó ekki út fyrir en 2013.

Annað mál sem gæti sett strik í reikning háskólakennslu Keilis eru vafamál um það hvort halda megj áfram að skilgreina kennslu í orku- og tæknifræði og mekatróník tæknifræði sem „endurmenntun“ við verkfræðideild Háskóla Íslands, eins og kveðið er á um í samstarfssamningi Háskóla Íslands og Keilis um háskólanám. Sú skilgreining er ekki aðeins á skjön við eðli námsins sem „grunnám“ eða „fyrrihlutanám“ heldur fer líka í bága við 3. og 11. gr. laga um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla) sem Alþingi samþykkti 1. júní 2010. Í 11. gr. þeirra segir:

RÍKISFRAMLAG VEGNA
HÁSKÓLAKENNSLU FYRST
2010

NÁMINU HÆTTA BÚIN
VEGNA NÝRRRA REGLNA
OG LAGA

„Háskóla er heimilt að bjóða upp á endurmenntun þeirra sem hafa lokið háskóla-prófi í þeim fræðum sem viðurkenning hans tekur til, sbr. 3. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

Með hugtakinu endurmenntun er í lögum þessum átt við eftirfarandi:

- a. námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess,
- b. viðbótarnám fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu skv. 22. gr.“

Verði skilgreining á háskólanámi Keilis tekin til endurskoðunar, eins og eðlilegt virðist að gera, fellur í raun niður heimild skólans til að innheimta önnur skólagjöld en skráningargjöld, a.m.k. meðan á samstarfi hans við opinberan háskóla stendur. Slíkt myndi væntanlega hafa veruleg áhrif á fjárhagslegar forsendur kennslunnar og setja þær í uppnám.